

REGLUGERÐ

**um veiðar íslenskra skipa á Norðuríshafsporski 2010,
skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

2. gr.

Allar veiðar á Norðuríshafsporski eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Veiðar á íshafsporski eru aðeins heimilar innan lögsögu Noregs og Rússlands og miðast leyfi Fiskistofu við nýtingu þeirra veiðiheimilda. Aðeins þau skip, sem hafa aflahlutdeild/aflamark í Norðuríshafsporski, á árinu 2010, eiga kost á veiðileyfi, samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Fiskistofa skal úthluta aflamarki í þorski til einstakra skipa í efnahagslögsögu Noregs annars vegar, og í efnahagslögsögu Rússlands hins vegar. Aflamark einstaks skips á hvoru svæði fyrir sig ræðst af aflahlutdeild þess.

4. gr.

Innan efnahagslögsögu Noregs, norðan við $62^{\circ}00' N$ og utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 5.500 tonn af óslægðum þorski, auk allt að 30% meðafla af öðrum tegundum. Þó má karfi ekki vera nema 15% í hverju togi og af lönduðum afla og grálúða má ekki vera meiri en 12% í hverju togi og ekki meiri en 7% af lönduðum afla.

Innan efnahagslögsögu Rússlands, utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 3.436 tonn af þorski, auk 344 tonna af ýsu og allt að 20% meðafla í öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó. Jafnframt hafa íslensk skip heimildir til veiða á 2.061 tonni af þorski, auk 206 tonna af ýsu og allt að 20% meðafla í öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó, enda komi sérstakt gjald fyrir.

Innan efnahagslögsögu Rússlands, utan 12 sjómílna frá grunnlínum, skal ýsufli ekki vera meiri 10% í hverju togi og ekki meiri en 10% meðafla af öðrum tegundum. Þá má karfi ekki vera nema 15% í hverju togi og af lönduðum afla, grálúða má ekki vera meiri en 12% í hverju togi og ekki meiri en 7% af lönduðum afla, ufsi má ekki vera meiri en 49% í hverju togi og steinbítur og hlýri mega ekki vera meiri en 45% í hverju togi.

Í hverri veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, skal afli af öðrum tegundum en þorski, ekki vera meiri en sem nemur 30% af þorskafla, miðað við afla upp úr sjó.

5. gr.

Um veiðar í efnahagslögsögum Noregs og Rússlands fer samkvæmt reglum, sem settar eru af stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, m.a. varðandi eftirlitsmenn um borð í veiðiskipum, svæðalokanir, möskvastærðir og tilkynningar. Íslenskum skipum er óheimilt að stunda loðnuveiðar í Barentshafi.

Ekki skulu fleiri en 15 íslensk skip stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Noregs.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar í lögsögu Noregs og Rússlands sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð í lögsögu Noregs og Rússlands, fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

6. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeilda og aflamarks samkvæmt 12. gr. og 15. gr. laga nr. 116/2006 um stjórni fiskveiða. Ákvæði 11. gr. og 5. og 7. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006 um stjórni fiskveiða gilda ekki um aflamark í Norðuríshafsþorski.

7. gr.

Aflí útgerð skips veiðiheimilda í rússneskri lögsögu, umfram þær sem úthlutað er skv. 3. gr., þ.m.t. heimildir sem sérstakt gjald kemur fyrir, skal það tilkynnt Fiskistofu ásamt staðfestingu frá rússneskum stjórnvöldum og er óheimilt að stunda þær veiðar fyrr en Fiskistofa hefur staðfest heimildina með tilfærslu aflaheimilda og útgáfu veiðileyfis.

8. gr.

Aðeins er heimilt í sömu veiðiferð að stunda veiðar á Norðuríshafsþorski og veiðar innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi að öllum afla þeirrar veiðiferðar sé landað í íslenskri höfn. Fyrir upphaf hverrar veiðiferðar, skv. reglugerð þessari, skal skipstjóri tilkynna sérstaklega til Eftirlitsstöðvarinnar hvenær veiðiferð hefst. Þá skal tilkynna til Eftirlitsstöðvarinnar þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, miðað við afla upp úr sjó, og áætlaður löndunarstaður og -tími. Sama gildir ef skip flytur sig milli lögsagna Noregs og Rússlands.

Hvern mánudag skal tilkynna Eftirlitsstöðinni um heildarafla síðustu viku miðað við afla upp úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, sundurliðað eftir tegundum og veiðisvæðum.

Sé skip á veiðum í rússneskri lögsögu eða veiðir af rússneskum kvóta á „Gráa svæðinu“ milli lögsagna Noregs og Rússlands, skal Eftirlitsstöðinni tilkynnt daglega um afla síðastliðins dags. Á sama hátt skal á ellefta degi tilkynnt um uppsafnaðan afla síðstu 10 daga og á þritugasta og fyrsta degi veiða skal Eftirlitsstöðinni tilkynnt um uppsafnaðan afla síðstu 30 daga.

Skipstjórum er skyldt að halda afladagbækur sbr. reglugerð um afladagbækur nr. 557/2007, með síðari breytingum.

9. gr.

Heimilt er, að fengnu leyfi Fiskistofu, að landa afla í höfnum í Noregi og Rússlandi, enda séu skilyrði Fiskistofu um eftirlit með vigtun og skyrsluskil uppfyllt. Sækja skal um leyfi til löndunar í norskum og rússneskum höfnum til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina hvar hann hyggst landa aflanum ásamt áætluðu magni. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Reglugerð um vigtun sjávarafla á við að öðru leyti.

Þegar afli er unninn um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, og skal yfirlit yfir nýtingarstuðla fylgja sem viðauki við veiðileyfi.

Þegar Norðuríshafsþorskur reiknast til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 1.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Nr. 1041

22. desember 2009

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvægs- og landbúnaðarráðuneytinu, 22. desember 2009.

F. h. r.

Steinar Ingi Matthíasson.

Kristján Freyr Helgason.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2009